

MYNDLIST / *Skilar barátta listamanna árangri?*

Gildi September/Septem

AÐ gerist sjaldan í listasögunni, að settur sé endapunktur aftan við tilvist listhreyfinga og því lýst yfir, að nú sé ákveðnu tímabili eða ákveðnum kafla sögunnar lokið. Oftast koma listhreyfingar til skjalanna með einhverri sprengingu, eiga sitt blómaskeið, en fjara síðan út, jafnvel þrátt fyrir örvæntingarfullar tilraunir einstakra fylgismanna til að gera þær að stofnun í myndlistinni. En nú sjá Íslendingar endanlega á eftir þeirri listhreyfingu, sem flutti íslenska myndlist inn í 20. öldina. Aðstandendur Septem-sýningarinnar á Kjarvalsstöðum hafa lýst því yfir, að þetta sé sú síðasta sem þeir munu standa að saman undir því merki. Þar með er kafla September-hópsins og arftaka hans, Septem-sýninganna, lokið í íslenskri listasögu.

Saga myndlistar á Íslandi er stutt, og einkennist oft meira af stökkbreytingum og átökum en jafnri þróun. Ef litið er burt frá miðaldalist og nokkrum alþýðulistamönnum síðustu aldar, gerist þessi saga að mestu á þessari öld; og það er ekki fyrr en eftir síðari heimsstyrjöld, sem nútímalist kemur fram af fullum krafti á Íslandi. Þá urðu mikil átök um myndlistina, og enn þann dag í dag eru ekki allir sáttir við niðurstöðuna og sakna hins hefðbundna, natúralíska landslagsmálverks sem hinnar einu sönnu íslensku myndlistar.



eftir Eirík Þorláksson

Í stuttu máli má segja, að sýning Svavars Guðnasonar 1945 hafi boðað nýja stefnu í íslenskri myndlist, sem síðan hélt innreið sína af fullum krafti með Septembersýningunni 1947. Septembersýningar voru síðan haldnar 1948, 1951 og 1952. Þarna var mikil breyting að eiga sér stað. Hópur listamanna var að hverfa frá náttúrulegri endurgerð fyrirmynda á myndfletinum (landslagsmyndum, mannamyndum o.s.frv.), og til þess að láta myndbygginguna ráðast af öðrum þáttum eins og innri gildum formsins og tjáningu listamannsins. Kjartan Guðjónsson orðaði þessi nýju viðhorf ágætlega í grein í sýningarskránni 1947:

„[Listamaðurinn] er að skapa verk, sem lifir sínu eigin lífi eins og náttúran lifir sínu án þess að það þurfi að styðja sig við neitt annað en sjálft sig. Athyglin beinist fyrst og fremst að því eina, sem skiptir verulegu máli, myndfletinum." — Á fyrstu sýningunni kom þetta helst fram í kúbískum formum verkanna, en 1951 var geometrían orðin allsráðandi í þeirri afstrakt, sem birtist áhorfendum. Allt var þetta jafn nýtt fyrir listskoðendur sem höfðu hingað til litið á myndir Jóhannesar Kjarvals, Jóns Stefánssonar og Ásgríms Jónssonar sem upphaf og endi þess sviðs, sem myndlist skyldi ná til; landslaginu var vikið úr öndvegi.

Ýmsir snérust hatrammlega gegn þessari nýju myndlist, og sendu listamönnunum skorinort skeyti: Þeir voru klessumálarar, verk þeirra klessumennska ætluð til þess eins að leika á landsmenn og leiða þá í villu; hér var jafnvel á ferðinni sósíalískt samsæri til að spilla siðferðisvitund og menningu þjóðarinnar. Þegar sumt af þessum um þrjátíu ára gömlu skrifum er lesið nú, vekur furðu að nokkur skuli hafa getað látið frá sér fara annað eins skítkast og hleypidóma og þarna er að finna. En tíminn hefur leitt í ljós, að sumir voru forspáir um framtíð listar af þessu tagi, þvert ofan í ætlun sína: „Þá mættu Reykvíkingar eiga þess von, að ráðhús borgarinnar yrði á sínum tíma skreytt málverkum Svavars Guðnasonar og Þorvaldar Skúlasonar, ... en Þvottakona Ásmundar hátíðlega afhjúpuð á miðju ráðhústorginu." Listþroski þjóðarinnar nú hefur gert þessa þrítugu hugmynd vel mögulega, ekki satt?

En Septembermennirnir voru baráttumenn fyrir sinni list; þeir voru eldhugar, sannfærðir um að þeir væru að breyta listrænum viðhorfum til betri vegar og þreyttust ekki á að svara fyrir sig, fræða og upplýsa. Og það skilaði árangri. Smám saman fékk list þeirra greiðari aðgang að fólki, þó að um langan tíma (og jafnvel enn þann dag í dag) heyrðust úthrópanir og formælingar.

Er leið á sjötta og sjöunda áratuginn varð staða þeirra sem stóðu að September-sýningunum sífellt sterkari í hinum íslenska listheimi. Þeir áttu sterka bakhjarla í listgagnrýnendum Morgunblaðsins og Þjóðviljans; þeir urðu forystumenn í Félagi íslenskra myndlistarmanna, sátu í sýningarnefndum haustsýninga félagsins, og hlutu sæti í safnráði Listasafns Íslands, sem veitti þeim umtalsverð áhrif á innkaup listaverka til safnsins og á val verka á sýningar erlendis. Þannig var abstraktlistin orðin leiðandi afl í myndlistinni — en varð því jafnframt þröskuldur í vegi nýrri viðhorfa og nýrra hreyfinga sem tóku að brjótast fram um miðjan sjöunda áratuginn, og höfnuðu abstraktmálverkinu.

Septem-sýningarnar, sem hófust 1974, voru hins vegar ekki beint framhald September-sýninganna tveim áratugum áður, eins og halda mætti í fljótu bragði. Ástæðurnar liggja nær, eins og Ólafur Kvaran listfræðingur hefur bent á. Málverkið átti mjög undir högg að sækja um þetta leyti vegna þeirra nýju tjáningaraðferða í listinni, sem komu fram með konceptlist, flúxus og popplist, þ.e. gjörninga, ljósmynda, umhverfisverka, bókverka o.s.frv. Hópurinn sem stóð að Septemsýningunum vildi einfaldlega leggja áherslu á málverkið sem listmiðil, og Kristján Davíðsson kom því beint til skila með því að segja einfaldlega að „þeir vildu fá almennilega málverkasýningu".

Þessir listamenn höfðu rétt fyrir sér, því málverkið stendur alltaf fyrir sínu. Það hefur hafist til vegs og virðingar á ný og er enn og aftur orðinn algengasti tjáningarmiðill listamanna. Nýjar kynslóðir listamanna hafa fært það inn á ný svið, aukið gildi þess og þar með bætt við þann auð, sem listasaga landsins byggir á. Í dag efast enginn um hlutverk málverksins í myndlistinni, og hin fjölbreytta notkun þess í mismunandi stílum og stefnum er einmitt besta sönnunin fyrir gildi þess. Framlag Septem-sýninganna á örlagaríkum tíma hlýtur því að vera mikilvægt.

Gildi þess hóps listamanna, sem stóð að September-sýningunum og síðan í annarri mynd að Septem-sýningunum, er ótvírætt í íslenskri listasögu. Þeir sýndu fram á að í myndlistinni getur hópur hæfileikaríkra einstaklinga með samstilltu átaki stuggað við stöðnuðum hugmyndum og rutt nýjum viðhorfum braut. Þeir sýndu einnig fram á að með fræðslu og viturlegri umfjöllun má vinna á hleypidómum og kenna fólki að meta þá list, sem sprettur fram á hverjum tíma.

Með því ruddu þeir einnig brautina fyrir eftirkomendurna, og til viðbótar við eigin listaverk er það mesta framlag þeirra til íslenskrar myndlistarsögu.

DANSSKÓLI JÓNS PÉTURS og KÖRU



FÍD - Félag íslenskra danskennara
DÍ - Dansráð Íslands

dans spor í rétta átt!

Innritun í símum:
36645
&
685045
alla daga
kl. 12 - 20
2. - 11. september
Kennsla hefst 12. sept.
Skírteini afhent
í Bolholti 6
þriðjudaginn 11. sept.
kl. 16 - 22



KENNARAR Í VETUR: JÓN PÉTUR KARA HINRIK AUÐBJÖRG

Samkvæmisdansar: standard og suður-amerískir
Barnadansar - Gömlu dansarnir
Byrjendur - Framhald - Hóptímar - Einkatímar

Allir aldurshópar velkomnir:
Barnahópar - Unglingahópar - Einstaklingar
Pör og hjón - Starfsmannahópar - Félagasamtök


Gestakennarar skólans í vetur:
Julie Tomkins og Martin Cawston frá Englandi

Kennslustaðir: Bolholt 6 í Reykjavík
og Garðslundur í Garðabæ

Kennum einnig úti á landi.

DANSSKÓLI JÓNS PÉTURS og KÖRU
Bolholti 6, Reykjavík s. 36645

VULKAN
ÁS - TENGI



Allar gerðir.
Tengið aldrei stál – í – stál, hafið eitthvað mjúkt á milli, ekki skekkju og titring milli tækja.

Sturlaugur Jónsson & Co hf.
Vesturgötu 16 – Símar 14680-13280

Þ. ÞORGRÍMSSON & CO
ABET print
HARÐPLAST Á BORÐ
ÁRMÚLA 29, SÍMI 38640